



STAÐARREGLA UM KYLFUBERA Á UNGLINGAMÓTUM GSÍ 2025

Eftirfarandi reglur gilda um kylfubera gilda á unglingamótum sem haldin eru á vegum Golfsambands Íslands árið 2025 skv. fyrirmynd staðarreglu H-1.1 og koma til viðbótar almennum staðarreglum vegna GSÍ móta 2025.

Flokkar 15 ára og eldri

Reglu 10.3a er breytt þannig: Leikmaður má ekki nota kylfubera á meðan umferðin er leikin, nema með leyfi mótsstjórnar.

Víti fyrir brot á staðarreglu:

- Leikmaðurinn fær almenna vítið fyrir hverja holu þar sem hann naut aðstoðar kylfubera.
- Ef brotið á sér stað eða heldur áfram á milli tveggja hola hlýtur leikmaðurinn almenna vítið á næstu holu.

Athugið:

Afskipti áhorfanda (þ.m.t. foreldra og annarra skyldmenna) sem felast í því að veita leikmanni, sem hann fylgir, ráð samkvæmt golfreglum teljast fela í sér brot samkvæmt staðareglunni. Öllum öðrum afskiptum af keppendum skal haldið í lágmarki og haga þannig aðrir leikmenn geti áttað sig á að þau feli ekki í sér afskipti af golfleik. Áhorfendum er heimilt, og ættu reyndar til að flýta leik, að aðstoða holl sem þeir fylgja við að staðsetja golfbolta og leita að týndum boltum. En um leið og bolti er fundinn ættu þeir að færa sig í hæfilega fjarlægð frá keppendum. Áhorfendum er velkomið að:

- afhenda leikmönnum mat eða drykk,
- aðstoða í hvers kyns heilsutengdum aðstæðum,
- klappa eða hrósa fyrir vel slegin högg.

Hafa skal hugfast að afskipti áhorfanda geta truflað keppendur og komið þeim úr jafnvægi.

Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar áhorfanda.

Flokkar 14 ára og yngri

Kylfuberar eru heimilir, sbr. reglu 10.3a.

Athugið:

Kylfuberi má einungis bera/draga útbúnað leikmanns og veita honum ráð samkvæmt golfreglum. Önnur afskipti eru óheimil.

Kylfuberi skal aldrei hafa orð fyrir keppanda og skal halda öllum samskiptum við aðra keppendur í algjöru lágmarki. Kylfuberi og leikmaður hans geta að sjálfsögðu ráðfært sig hvor við annan um einstök atvik í ráshópnum á hófstílltan og lítið áberandi hátt, en það er ávallt kyllingur sem tjáir sig við aðra keppendur. Höfum það hugfast að golfleikur krefst mikillar einbeitingar og að minnsta áreiti getur komið keppanda úr jafnvægi.

Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar kylfubera eftir aðvörun dómara.